

---

## Breyting á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn, Sveitarfélagið Ölfus Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 25. ágúst 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Ölfusi um fyrirhugaðar breytingar á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknarstofnunar, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Brimbrettafélags Íslands.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM


Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breyting á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn. Sveitarfélagið Ölfus. Efla. Ágúst 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi 5. október 2021, Minjastofnun Íslands 5. október 2021, Hafrannsóknarstofnun 12. október 2021, Vegagerðinni 21. október 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 19. október 2021 og Brimbrettafélag Íslands 22. október 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. október 2021.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að snúa Suðurvararbryggju um 35° til að bæta öldulag og auðvelda stærri skipum að athafna sig innan hafnarinnar og lengja Suðurvarargarð um 200 metra til austurs. Heildarstærð framkvæmdasvæðisins er 4,5 ha og er grjótagn sem fer í varnargarðinn áætlað um 135.000 m<sup>3</sup>, þar af verður hægt að endurnýta 70.000 m<sup>3</sup> úr núverandi varnargarði. Þeir 65.000 m<sup>3</sup> sem á vantar er fyrirhugað að komi frá framkvæmdum á lóð fiskeldisstöðvarinnar Landeldis við Laxabraut 21-25 í Þorlákshöfn. Ef eitthvað grjót vantar uppá eru áform um að taka það úr námu E12 á Hafnarsandi, norðan við bæinn. Fyrir utan grjótgarðinn fara um 10.000 m<sup>3</sup> af efni í landfyllingu milli þils bryggjukants og grjótgarðsins. Þetta efni mun koma frá eðlilegu viðhaldi hafnarinnar en stöðugir sandflutningar meðfram suðurströndinni bera sand inn í höfnina sem reglulega er dælt upp. Framkvæmdatími verður á árunum 2022-2023.



Mynd 1: Skjáskot úr deiliskipulagsupprætti, efri uppráttur er fyrir breytingu og sá neðri er eftir breytingu á grjótgarðinum

### 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Sveitarfélagsins Ölfus og umsögnum umsagnaraðila.

#### Útivist og ferðamennska

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að breytt lega grjótgarðsins geti mögulega breytt öldulagi sunnan við garðinn sem geti haft áhrif á brimbrettaiðkun sem stunduð sé á svæðinu. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki að því umfangi að þær muni breyta mikið núverandi aðstæðum er talið að ekki séu líkur á að breyting verði á öldu úti fyrir og að áfram verði svigrúm til brimbrettaiðkunar hér eftir sem hingað til. Þessi niðurstaða byggir á öldufarslíkani sem unnið var af Siglingasviði Vegagerðarinnar. Framkvæmdaraðili metur það því svo að áhrif á útivist og ferðamennsku verði óveruleg.

Brimbrettafélag Íslands telur að útbúa þurfi nákvæmara sjóreiknilíkan sem taki til allra þátta til að taka af allan vafa á því að þekktasta brimbrettaalda Íslands, „Aðalbrotið“, skemmist ekki við framkvæmdirnar auk þess sem óskað er eftir því að vandað verði til verks við hafnarframkvæmdirnar og tryggt að þær skaði ekki „Aðalbrotið“.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að kostnaðarsöm líkanagerð sé óþörf þar sem niðurstöður þess muni ekki koma til með að breyta fyrirhuguðum áformum. Þegar hafi verið dregið úr umfangi framkvæmdarinnar til að draga úr áhrifum á ölduna og telur framkvæmdaraðili ekki hægt að ganga lengra án þess að það komi niður á höfninni og framtíðaruppbygginu hennar.



### Náttúruverndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin fari að örlitlum hluta inn á svæði á náttúruminjaskrá, *Hafnarnes við Þorlákshöfn – útivistarsvæði í grennd við þéttbýli*, en sá hluti sem er innan svæðisins er hluti af athafnarsvæði hafnarinnar og er í dag nýttur undir jarðefnavinnslu og er ekki opinn almenningi og svæðið hafi því misst útivistargildi sitt.

### Gróður og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé öll í sjó eða áður röskuðu svæði. Engri náttúrulegri fjöru eða búsvæðum fugla verði raskað. Fuglar í sjónum og í höfninni gætu orðið fyrir truflun á framkvæmdatíma en það er tímabundið og ekki við varpstöðvar þessara fugla. Áhrif á gróður eru metin engin og áhrif á fuglalíf eru metin óveruleg.

### Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að séð frá bænum verði breyting í ásýnd mjög lítil, grjótgarðurinn er að mestu í hvarfi bak við byggingar og jarðefnavinnslu. Sunnan við grjótvarnargarðinn er útsýnisstaður við sjóinn, grjótgarðurinn mun færast nær útsýnisstaðnum en mun á engan hátt skyggja á útsýni. Lenging varnargarðsins mun hafa lítillag áhrif á útsýni til norðurs. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif á landslag og ásýnd séu óveruleg.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfus samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lengingu Suðurvarargarðs um 200 metra auk þess sem endurbyggja og snúa á Suðurvararbryggju um 35°. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar svo sem með tilliti til landnotkunar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki mikil í umfangi og fer fram á svæði sem áður hefur verið raskað. Lítil hluti framkvæmdarsvæðisins er á svæði á náttúruminjaskrá en útivistargildi svæðisins er ekkert þar sem svæðið er nýtt undir jarðefnavinnslu og er lokað almenningi. Engri náttúrulegi fjöru eða búsvæðum fugla verður raskað og mun framkvæmdin ekki vera við varpsvæði fugla en mögulega gætu fuglar á svæðinu orðið fyrir truflun á framkvæmdartíma. Áhrif framkvæmdarinnar á lífríki, náttúruverndarsvæði og ásýnd eru óveruleg.



Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í mögulegum breytingum á öldulagi sem kynni að hafa áhrif á brimbrettaiðkun á svæðinu. Framkvæmdaraðili hefur að einhverju leyti tekið tillit til brimbrettaiðkenda með því að láta vinna öldufarslíkan og minnkað umfang framkvæmdarinnar til að minni líkur verði á breyttu öldulagi.

Þegar til lengri tíma er litið hefur stækkun hafnarsvæðisins í þeim tilgangi að stærri skip geti athafnað sig við höfnina þau áhrif og tilgang að umfangsmeiri flutningar verða um höfnina sem kann að leiða til aukinnar umferðar og ónæðis á landi.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. desember 2021.

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir